# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 20


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fundur
## fátækranefndarinnar 24. febr. 1910.

+1. Guðrún Eggertsdóttir biður um styrk
+2. Samúel Símonarson, biður um 90 kr. lán
+3. Kristín Guðmundsd. biður um styrk
+4. Leitin á endurgr. á legnk. Pálmars Ásgrímss. sveitl. í Ölfushreppi
+5. Leitin ——— . ——— Margrjetar Karelsd.
+6. ——— . ——— . — fyrir barnsfyr. Joodárd
+7. ~~Jóhann Jónsson frá Bakka biður um hækkun á styrk, sbr. fund. 9. sept. f. á.~~ var á síðasta fundi

×8, Guðrún Magnúsdóttir, Hverfisgötu 13 er í vinnunni. þarf meiri styrk.

9, Jón í Sundi – 3000 – veðdeild með áföllnum vöxtum – allt í vörum. Ómakslaun 60 kr. í vörum

10, Baldur Benediktsson – Skógtjörn.

S.–



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

85
3
25-50.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð, að fara þess á leyt við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að mjer verði greidd húsaleiga af bæjarsjóði, fyrir pláss það sem herra Magnús Benidiktsson hefur til afnota í húsinu No 3 við Klapparstig frá 1. febrúar að telja, til 14. maí þetta ár.

Pláss það sem áður nefndur Magnús Benidiktsson hefur er: 1 stofa og kamers hálft eldhús og geymslu pláss allt fyrir 7 krónur um hvern mánuð.

Reykjavík 24. febrúar 1910
Virðingar fyllst
Guðni H. Þorkelsson
Klapparstig 3

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík

F. Rvk. 26/ 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr Borgarstjóri
hér með leifi eg mér að
leita aðstoðar yðar í minni
fátækt þar sem að kraftar
eru að þrotum komið
enn börn min geta ekki
veitt mér forstöðu
utann mitt yngsta
barn er lætur mig hafa
1 krónu á viku og er mér
ómögulegt að lifa með því
leifi eg mér því að fara
þess á leit við hina
heiðruðu bæarstjórn að hann
vildi svo vel gjöra að sjá
til að mér yrði [illegible]

J. Auk. 12/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr Bæarsjóði 10 Kr
á mánuði hverjum
mér finnst að eg ekki geti
komist af með minna
til allra þarfa eg vona
sem barn eftir góðri
hjalp því þörfin er bráð
með virðingu

Reykjavík 14/2 1910

Grettisgötu No 50

Kristín Guðmundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Matthias Einarsson

— læknir —

Margrjet Karelsdóttir

Laugaveg 35

þarf að leggjast

á spítala.

Rvk 18/2 – 1910

Matthias

Ábyrgð tekin 18/2 1910.

S. Ásg. 28/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sólveig Ólafsdóttir í Blöndalsbæ hefur undanfarið haft þurrahósta, sem er grunsamur, því faðir er dáinn úr berklaveiki. Ráð til að koma henni 1–2 vikur á spítala því húsakynni á heimili hennar eru slæm.

Rvk 13/2 1910

F. Rvk. 24/ 1910

Guðm. Hannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]

Reykjavík 17/2-1910

Háttvirta fátækranefnd!

Sökum erfiðra kringumstæðna minna og atvinnuleysis í allan vetur neyðist jeg til að biðja yður, háttvirta fátækranefnd, um styrk - eða öllu heldur lán - að upphæð 90 - níutíu - krónur, sem jeg óska og vona að jeg hafi greitt yður, aftur fyrir eða um næsta ársamót, ef heilsa mín og kraftar eigi bila; Kringumstæður mínar eru eigi góðar, þar sem jeg hef 6 manns í heimili og veikindi stöðugt hjá mjer ~~og minna~~ meira og minna. Þjer, háttvirta fátækranefnd, munuð og sjálf geta gengið úr skugga um það, ef þjer skoðið hjá mjer efni og ástæður. En þessi hjálp verður að koma hið bráðasta.

Samúel Símonarson
Tjarnargötu nr. 8.

B. Bók. 22/2 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar sem jeg hef fengið leifi
Læknis að fara af Spítalanum
og vera á öðrum stað í bænum
vil jeg biðja hina háttvirtu bæjar
stjórn, að veita mér sama styrk
og áður, sem sje 1 krónu á dag
fyrst um sinn til 14 Maí
næst komandi, og að jeg fái fengið
fyrri helming styrksins 1 dag hvers
mánaðar, og síðari helming síðasta
dag Mánaðarins fyrir áður nefnt-
tímabil

Virðingarfyllst
Guðrún Eyjólfsdóttir

Til Háttvirtrar Bæjarstjórnar
Reykjavíkur

Meðt 23/2 Í. Rvík. 23/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**G. BJÖRNSSON**

landlæknir.

**Viðtalsstundir á virkum dögum:**
**10–11 árdegis,**
**7–8 síðdegis.**

18. talsími.

Gudrún Pjetursdóttir er nú adeins svo frísk, að jeg tel áhætt að hún fari úr sjúkra-húsinu.
Þó tel jeg hana ekki færa um vinnu fyrst í stað

Reikjavík 16/2 1910

G. Björnsson.

B. Rvk. Nr. 23/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur